

MOSFELLINGUR

16. tbl. 5. árg. föstudagur 1. desember 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Karлакór Kjalnesinga og skóla-
hljómsveitin taka höndum saman

Athygli vakin á málefnum eldri borgara

SJÁ BLS. 4

Daði Þór Einarsson, Birgir
D. Sveinsson, Páll Helgason
og Jón Magnús Jónsson

EIGN VIKUNNAR

Hjallahlíð - 4ra herb.


Vorum að fá
fallega 94 m², 4ra
herbergja íbúð á 2.
 hæð í litlu fjórbyli
með sérinngangi af
svalagangi.

Verð kr. 21,9

Kjarna,
Þverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is



NÝTT Á SKRÁ



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnesteð
Löggiltur fasteignasali

Sjá nánar á bls. 3



Erum í jólfaskapi

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvégi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamenn: Ágúst B. Linn og
Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Líður að jólum

- Desember er genginn í garð og einn skemmtilegasti tími ársins framundan.

- Í hönd fer mikill asi í jólaundirbúningnum og því vert

að minnast þess að desember mánuður hefur upp á margt fleira að bjóða en stress og hamangang.

- Mikil framboð tónleika og

uppákoma sem vert er að njóta á adventunni í faðmi fjölskyldu og vina.

- Hjálpum þeim sem minna mega sín, látum gott af okkur leiða.

- Verslum í heimabyggð fyrir jólin og stuðlum að bættri þjónustu

- Ekki gleyma afa og ömmu

- Ekki hafa áhyggjur af jólaþóstinum, pósthjónustan er komin aftur í Mosó.

- Verum góð við hvort annað

- Glemjum ekki boðskapi jóla.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Reykjavegi 36
Sími 566 6103

www.isfugl.is

1. NÓV 1988

Fjórburafæðingin gekk vel

Móður og fjórum dætrum heilsast ágætlega



Stórkostleg upplifun

– segir Guðjón Sveinn Valgeirsson
faðir fjórburanna

Úrklippur eru úr Morgunblaðinu.

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar metfjölgun varð í Mosfellsbæ á einni nóttu. Þann 1. nóvember 1988 komu í heiminn á einu bretti fjórar stúlkur, allar hraustar og sprækar. Þær fæddust á fæðingardeild Landsspítalans og gekk fæðingin vel. Systurnar Alexandra, Brynhildur, Diljá og Elín fæddust sex vikum fyrir tímunn og vógu um sjö merkur. Fjórburafæðing- ar eru afar fátíðir atburðir og þess má geta að sú fyrsta á Íslandi átti sér stað árið 1957.

Á myndinni má sjá foreldra fjór- buranna Margréti Þóru Baldursdóttur og Guðjón Sveinn Valgeirsson ásamt Jóhannesi Baldri stóra bróður. Á minni myndunum má sjá fjór- buranna eftir fæðingarröð.



HÉÐAN OG ÞAÐAN



FERMINGARMYNDIN hennar Elínar Láru

„Ég fermdist að morgni dags þann 5. apríl 1970 í Dómkirkjunni í Reykjavík. Prestur var séra Jón Auðuns. Í eftirmiðdaginn var veisla heima þar sem skyldmenni komu og nutu kræsinganna hennar mömmu, sem voru þær allra bestu sem ég hafði smakkað. Enginn gat töfrað fram svona veisluþorð nema hún. Ekki var um sérstaka myndatöku að ræða, það voru bara teknar myndir af mér í kirkjunni og heima. Frá mömmu fékk ég gullhring sem ég kunní alls ekki að meta í þá daga en er minn uppáhaldshringur í dag. Pabbi gaf mér “Pierpoint” úr sem var það allra besta þá. Svo fékk ég myndavél og gestabók sem kom sér afar vel. Gestirnir skrifuðu í bókina finu en í dag hefur þessi bók það hlutverk að vera dagbók fjölskyldunnar á ferðalögum innanlands.”





**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

**Kjarna, Pverholti 2
Mosfellsbæ**

**www.fastmos.is
Sími: 586 8080**

**EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali**



Leirutangi – jarðhæð

92 m² neðri hæð með séringngangi og sérgarði í litlu fjórbylí á barnvænum stað. Gott hjónaherbergi, eldhús með borðkrók, góð stofa, baðherbergi með kári, tvö herbergi og geymsla/þvottahús. Hluti íbúðarinnar er gluggalaus. Þetta er vel staðsett eign á barnvænum stað.
Verð kr. 17,8 m.



Miðholt – 3ja herb.

82,4 m², 3ja herbergja endaíbúð í 11 íbúða fjölbylí í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög björt og vel um gengin – baðherbergi m/kári, 2 fin svefnherbergi, stór stofa/borðstofa og eldhús inn af stofu. Svalir í suðurátt og stutt í alla þjónustu. Þetta er björt og rúmgóð íbúð á hagstæðu verði.
Verð kr. 17,8 m.



Tröllateigur – 167,1 m² endaraðhús

167,1 m² endaraðhús á tveimur hæðum í nýbygððu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Á jarðhæð eru stofa, borðstofa, eldhús, gestasalerni og bílskúr, en á 2. hæð eru 3 góð svefnherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og stórt baðherbergi. Flísar og bambusparket á gólfi og fallegar innréttingar í eldhúsi og baði. Áhvílandi kr. 27.0 milljónir með 4,15-4,2% vöxtum. ****Verð nú kr. 39,9 m.****



Hjallahlíð – 4ra herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá fallega 94 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjórbylí með séringngangi af svalagangi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf m/sturtu, eldhús með góðum borðkrók og flísum á gólfi, fallett teppi á stofu og gangi, 3 svefnherbergi með linoleum dúk á gólfi og vinnukrúkur. Mjög stutt er í nýjan grunnskóla, leikskóla og glæsilega sundlaug. **Verð kr. 21,9**



Lindarbyggð – Glæsilegt parhús

Til sölu mjög glæsilegt 177,1 m² parhús á einni hæð á fallegum stað í lokuðum botnlanga í Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt og mjög bjart og rúmgt. Stór stofa með góðri lofthæð og borðstofa við hlið eldhúss. 4 góð svefnherbergi, sjónvarpshol og glæsilegt baðherbergi. Bílskýli hefur verið lokað af og gæti vel nýst sem t.d. unglingsherbergi. Fallegur suðurgarður og hellulagt bílapan. Þessar eignir eru sjaldséðar á fasteignasöllum. **Verð kr. 41,8 m.**



Tröllateigur – 151,4 m² lúxusíbúð

Vorum að fá í sölu mjög stóra og bjarta 4ra herbergja íbúð í afar vöndaðri lyftublokk ásamt bílastæði í upphitaðri bílageymslu. 3 stór svefnherbergi, björt og rúmgóð stofa, eldhús með fallegri mahony innréttingu, tvö baðherbergi, sér þvottahús og tvær geymslur. 18 m² svalir í suðvestur. Íbúðin getur verið laus til afhendingar strax. Áhv. 19,2 m. frá Gliðni með 4,15% vöxtum. **Verðtilboð óskast**




Hlíðarás – 408 m² tækifæri

Til sölu eitt stærsta einbýlishúsið í Mosfellsbæ. Húsið er samtals 408 m² á tveimur hæðum, með tvöföldum bílskúr. Húsið býður upp á mikla möguleika, m.a. væri hægt að innrétta 2-3 íbúðarrými (ósamþykkt) á neðri hæð, og halda eftir stórrí efrí sérhæð með bílskúr. Húsið stendur neðst í Ásahverfinu með miklu útsýni til suðvesturs, út á Leirvoginn og að Esjunni. Verð 139.700 kr. pr. m².
Verð kr. 57,0 m.



Klapparhlíð – Lúxusíbúð f/50 ára og eldri

Glæsileg 119,3 m² lúxusíbúð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er glæsileg í alla staði, innréttingar spónlagðar með liggjandi hnotu, hvítar flísar á gólfum með marmaraáferð, baðherbergi sturtuklefa og mjög stór og björt stofa og borðstofa. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílakjallara. Þetta er eign fyrir vandláta.
Verð kr. 36,9 m.



Tröllateigur 141-150 m² íbúðir

Til sölu fjórar 141-150 m² íbúðir í nýju fjórbylíshúsi í byggingu við Tröllateig 41 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæð Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 4ra – 5 herbergja og afhendast fullbúnar með innréttingum, en án gólfefna, þó verður baðherbergi og þvottahús flísalagt. Íbúðirnar verða afhentar í apríl 2007. **Verð frá kr. 28,5 – 32,5 m**



Leirutangi – 92 m² jarðhæð.

92 m² neðri hæð í fjórbylíshúsi í grónu og barnvænu hverfi í Mosfellsbæ. Góð aðkoma er að íbúðinni og stór sérgarður. Stofan er björt og rúmgóð, eldhús með borðkrók, gott svefnherbergi, baðherbergi m/kári, þvottahús/geymsla og stórt herbergi.
Verð kr. 17,8 m.



Fellsás – 312,3 m² einbýlishús

312,3 m² tvílyft einbýlishús á fallegum útsýnsstað í hlíðum Helgafells í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er búð að innrétta tvö 2ja herbergja íbúðarrými sem nú eru í útleigu. Á efrí hæðinni er rúmgóð íbúð með stóru alrými og stóru eldhúsi, tvö svefnherbergi, baðherbergi og í rísi er verið að innrétta herbergi. Þetta er stór og mikil eign með góða tekjumöguleika. Húsið stendur á eignarlóð með miklu útsýni til Esjunnar og út á Leirvoginn. **Verðtilboð**



Blíkahöfði – 77 m².

Flott 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í mjög góðu 3ja hæða fjölbylí með opnum stigagangi. Íbúðin er sérstaklega rúmgóð og fallett útsýni er til suðvesturs. Mahony innréttingar og parket á gólfum.
Verð kr. 19,2 m.



Urðarholt – 150 m² atvinnuhúsnæði

Erum með 150 m² atvinnuhúsnæði á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Gott verslunarplass og inn af því hefur verið innréttað íbúðaraðstaða. Gott gluggapláss er út á bílastæði og gott aðgengi. Rýmið stendur við Mosfellsbakarí sem er eitt best bakarí á landinu. Rýmið er til sölu eða leigu og getur verið laust til afhendingar fljótlega.

Hvernig er búið að öldruðum?



Auður Laxness

Ég er mjög ánægð í alla staði með þjónustuna en það vantar hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ.



Viggó Valdimarsson

Ég er mjög ánægður og með alla þjónustu.



Magnea Magnúsdóttir

Ég er mjög ánægð en það vantar hjúkrunarheimili sem fyrst.



Hrefna Valdimarsdóttir

Ég hef ekkert annað en gott um það að segja en það vantar hjúkrunarheimili sem fyrst hér í Mosfellsbæ.

TEXTURE
hárstofa

www.texture.is

HÁHOLT 23 - Sími 566 8500

Karلاكór Kjalnesinga og Skólahljómsveitin halda tónleika í þágu aldraðra

Aldraðir eiga betra skilið



Sunnudaginn 3. des heldur Karلاكór Kjalnesinga og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar sameiginlega tónleika í íþróttahúsinu að Varmá. Að sögn Jóns Magnúsar, formanns kórsins, er markmið tónleikanna að vekja athygli á aðbúnaði eldri borgara og þá sérstaklega hjúkrunarheimilis málum. Dæmi séu um að aldraðir eigi erfitt með að fá pláss og þurfi jafnvel að leita langt út fyrir heimabæ sinn eftir því. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og er eldri borgurum boðið á þá. Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri, Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Gréta Aðalsteinsdóttir formaður félags eldri borgara, munu allar taka til máls við þetta tækifæri.

Jón Magnús fékk hugmyndina að þessum tónleikum fyrir skömmu og við spurðum hann, af hverju þetta málefni? „Jú, eftir að ég og fjölskylda mín lentum í því að þurfa að koma gömlum manni inn á hjúkrunarheimili sá ég ástæðu til þess að vekja athygli á stöðunni. Kórfélagarnir og lúðrasveitin tóku vel í þetta og margir hafa sögu að segja þegar kemur að málefnum aldraðra. Þegar jafnvel þarf að slíta fólk úr því umhverfi sem þeir hafa verið í alla sína ævi til að koma því á hjúkrunarheimili þá verður manni hugsað til gamla fólksins“

Aðspurður segist hann ánægður með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fjölga hjúkrunarrýmum í Mos-

fellsbæ og auðvitað vilja Mosfellingar eyða ævikvöldinu í heimabæ sínum. „Sex ára börn eiga frátekið pláss þegar skólaganga þeirra hefst og þannig ætti það einnig að vera fyrir eldra fólk þegar þau þurfa á hjálpi að halda. Þetta vandamál er víða til staðar og að því ber að huga. Umræðan á að vera uppi á borðinu og með þessum tónleikum viljum við vekja athygli á þessu og kalla eftir stefnu og hugarfarsbreytingu í garð eldra fólks. Nú er bara að mæta á tónleikana og láta gott af sér leiða, fylgja eftir þeim loforðum sem gefin hafa verið til næstu ára og hamra járníð á meðan það er heitt.“ sagði Jón Magnús að lokum.

Hvernig er búið að öldruðum í Mosfellsbæ?

„Mér finnst vel búið að öldruðum hér í Mosfellsbæ. Núna eru 20 íbúðir fyrir í þjónustuhúsi aldraðra við Hlaðhamra en þar er sólarhringsþjónusta.

Þar er hægt að kaupa mat og heimaþjónustu í formi þrifa og þvottar. Eftir áramótin verða teknar í notkun 39 öryggisíbúðir fyrir aldraða í viðbyggingu við Hlaðhamra. Þetta mun breyta miklu hvað varðar öryggi þeirra sem þangað flytja. Mosfellsbær veitir mörgum heimilum aldraðra í bæn-um heimaþjónustu sem fellst aðallega í þrífum og matarsendingum. Við höfum ekki alveg getað sinnt öllum beiðnum um aðstoð og vantar mig starfsmann í um 50% starf til að geta sinnt öllum sem sótt hafa um þjónustu.

Félagsstarf aldraðra, sem er staðsett í þjónustuhúsi aldraðra við Hlaðhamra, er mjög vel sótt af eldri borgurum. Þeir hittast að minnsta



kosti tvisvar í viku og vinna handavinnu eða binda inn bækur og skera út í tré. Kór eldri borgara, Vorboðarnir, er með æfingar þar einu sinni í viku. Dagvist er í boði fyrir þá sem þurfa þess með og er hún staðsett í þjónustuhúsinu. Í dag höfum við leyfi fyrir níu plássum. En því miður, hér

er enn ekkert hjúkrunarheimili og er dálítill kvíði í mögum, sem fljótlega munu hafa þörf fyrir hjúkrunarvist, um hvað verði um þá við þessi tímamörk í lífi þeirra. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að finna

þessu fólk hjúkrunarvist sem næst heimili þeirra en því miður hefur ekki alltaf tekist að verða við því. Nú horfum við þó björtum augum til framtíðar hvað þetta varðar því heilbrigðisráðuneytið hefur samþykkt byggingu 20 rúma hjúkrunardeildar hér í Mosfellsbæ og mun hún bjarga mörgum í framtíðinni. Þetta er það helsta sem ég get sagt um aðbúnað aldraðra í Mosfellsbæ en betur má ef duga skal.”

Valgerður Magnúsdóttir forstöðu- maður heimaþjónustu Mosfellsbæjar og þjónustuhúss aldraðra við Hlaðhamra.

Hjúkrunarrýmum fjölga um 174

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur kynnt áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma á árunum 2006 til 2010 en þeim mun fjölga um 174 á landinu. Ákvörðunin byggist á niðurstöðu nefndar stjórnvalda og fulltrúa Landssambands eldri borgara. Tuttugu hjúkrunarrýma verða á Sjúkrahúsi Suðurlands, fjórutíu og fjögur rými verða í Kópavogi, tuttugu verða í Mosfellsbæ, þrjátíu í Reykjanesbæ og í Hafnarfirði, tíu á Ísafirði, og tuttugu í Garðabæ.

Krakkadagur á Bello

Sunnudaginn 17. des
verður krakkadagur á Bello
frá kl.11 til 15.

Jólasveinninn kemur í heimsókn



Bello

Hárgreiðslustofa - Háholti 14

JÓLATRÉSALA

í Hamrahlíð við Vesturlandsveg

| | | |
|-----------------------|-----------------|-------------|
| Laugard. og sunnud. | 10. og 11. des. | kl. 10 - 16 |
| Laugard. og sunnud. | 17. og 18. des. | kl. 10 - 16 |
| Miðvikudag | 21. des. | kl. 13 - 16 |
| Fimmtudag | 22. des | kl. 13 - 16 |
| Föstud. Þorláksmessu. | 23. des | kl. 13 - 16 |

FEGRUM BÆINN

Styðjum skógrækt í okkar bæ
og kaupum „íslensk“ jólatré.



Hafið samband:
Hjalti G. Lúðvíksson
sími: 897-2180. hjalti@frjo.is
Elísabet Kristjánsdóttir
sími: 566-6709. betakd@ismennt.is
Sími skógræktarfélagsins
er 867-2516



Ljósín tendruð



Á jólatré Mosfellsbæjar

Laugardaginn 2. des. kl. 16
Á torginu við Kjarna

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar
Bæjarstjóri tendrar ljósín á jólatrénu
Barnakór Varmárskóla syngur
Jólasveinar koma í heimsókn

Dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Mosfellsbær óskar öllum
bæjarbúum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári



16:40 í Kjarna
Jólaskemmtun
og veitingasala
Kammerkórs Mosfellsbæjar



Stækkun í Háholti

Eins og flestir hafa tekið eftir er verið að stækka Háholt 14. Ýmsar breytingar munu eiga sér stað. Hárgreiðslustofan Aristó mun stækka við sig, húsnæði Efnalaugarinnar breytist lítillega og þá mun Pósturinn koma við hlið Aristó. Húsnæðisvandamál Póstsins eru því leyst og Mosfell-ingar ná að koma sínu til skila fyrir þessi jólin.

Valdimar hættur í Samfylkingunni

Valdimar Leó Friðriksson þingmaður Samfylkingarinnar, hefur sagt sig úr flokknum. Valdimar tók þátt í prófkjöri flokksins í Suðvesturkjördæmi og hafnaði í 14. sæti sem voru töluverð vonbrigði. Valdimar mun þó sitja sem þingmaður flokksins til enda kjörtímabilsins.



Innbrot í einbýlishús

Brotist var inn í tveggja hæða einbýlishús hér í bæ þann 23. nóvember. Stolið var m.a. leikjatölvum, DVD-spilurum, skartgripum og peningum. Íbúar hússins voru að heiman og talið er að andvirði þýfisins skipti hundruðum þúsunda ef ekki milljónum króna. Þjófarnir eru enn ófundnir.



Árlegur jólabasar á Hlaðhömrum



Ómissandi þáttur í jólaundirbúningum

Í áraaðir hefur Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ haldið jólabasar og kaffisölu. Ágóði af sölu hefur m.a. runnið til hjálparstarfs í Afríku, þrælarnar í Indlandi og til hjálpar bágstöddum innanlands. Þá hafa einnig verið keypt tæki fyrir félagsstarfið. Vorboðar, kór eldri borgara fær hluta af kaffisölu þar sem kórin leggur fram allskonar meðlæti og syngur fyrir gesti, en margskonar kostnaður er fylgjandi kórstarfinu s.s. ferðir, búningar, ýmiss efniskaup, kóramót og raddþjálfun.



Forstöðumaður Félagsstarfsins, Svanhildur Þorkelsdóttir. Leiðbeinandi og umsjónamaður handvinnustofu er Unnur Karlsdóttir.



Eldri borgarar – jólafagnaður!

Félagsstarf eldri borgara og Félag aldraðra í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós sjá um jólafagnað í Hlégarði **fimmtudaginn 7. des.** og hefst kl. 19. Glæsilegt jólahlaðborð, leikþáttur, söngur, happdrætti og dans. Aðgöngumiðar eru til sölu hjá Svanhildi í Dvalarheimilinu Hlaðhömrum e.h., og kosta kr. 3.900.- Sími: 586-8014 og 692-0814. Ath. Velkomið er að taka með sér gesti.

Fjáröflun Vorboða, kórs eldri borgara.

Kökubasar verður fyrir framan Bónus, **laugardaginn 9. des.** frá kl. 11.

Einungis hægt að greiða með peningum, ekki kortum



Menningarkvöld

FaMos minnir á opið hús/menningarkvöld í Safnaðarheimili Lágafellssóknar mánudaginn **11. desember** kl. 20. Dagskrá: Kór eldri borgara, Vorboðarnir ásamt Jóhanni Hjálmarssyni skáldi og bæjarlistamanni.

Athugið: opið hús er öllum opið!

FaMos, Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni, er hagsmunafélag þeirra sem orðnir eru 60 ára eða eldri. Félagsskirteini er ávísun á afslátt á margvíslegum viðskiptum og þjónustu. Félagið er þátttakandi í LEB, Landsambandi eldri borgara. Skrifstofa félagsins á 2. hæð í Hlégarði er opin á mánudögum kl. 15-17, sími 866-2180. Það stendur fyrir vikulegum gönguhópi, spilarkvöldum annan hvern miðvikudag á Hlaðhömrum og opnu húsi/menningarkvöldi einu sinni í mánuði í safnaðarheimilinu.

ELDRI BORGARAR





KORTER.IS

Um leið og við bjóðum Mosfellinga og nágretta okkar velkomna í nýtt Hlín Blómahús, langar okkur til að þakka móttökur bæði fyrir 13 árum í gamla kaupfélagshúsinu og í gegnum tíðina. Við höfum fundið fyrir mikilli hlýju og vinnáttu í okkar garð, ekki síst undanfarna daga.

Með þakklæti og hlýhug
Hlín og Sigþór

Hlín Blómahús

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700



NYLON

... í Mosfellsbæ

Nylon stelpurnar skemmta í útibúi KB banka í Mosfellsbæ **mánudaginn 11. desember kl. 17.**

Allir velkomnir!

Skemmtu þér með Nylon í boði KB banka!



ENHEM / SIA / 71112442

Bæjarmálarfélag frjálslyndra stofnað

Þann 11. nóvember síðastliðinn var stofnfundur Bæjarmálarfélags frjálslyndra haldinn í Listasalnum.

Á fundinn mættu um 30 manns.

Sólborg Alda

Pétursdóttir var

kosin formaður

félagsins. Aðrir

sem kosnir voru í

stjórn eru Svanur Sigurbjörnsson,

Björn Birgisson, Guðjón Jónsson

og Valdís Guðmundsdóttir. Á

stofnfundinn mættu þau Guðjón

Amar Kristjánsson formaður

Frjálslynda flokksins og Margrét

Sverrisdóttir ritari og fluttu ávörp.



Ferðapjónusta fatlaðra

Í samtölum við bæjarbúa í aðdraganda kosninganna í vor urðum við framsóknarfólk vör við óánægju með þjónustu við þá íbúa Mosfellsbæjar sem skilgreindir eru sem fatlaðir. Eitt af því sem fólk nefndi var óánægja með ferðapjónustu fatlaðra. Í stefnuskrá okkar kynntum við framsækna þjónustu við fatlað fólk og samfélag fyrir alla án þröskulda.

Fulltrúi B-lista kynnti sér ferðapjónustu fatlaðra hjá nágrenna-sveitarfélögunum og þar kom fram að talsvert vantar upp á að þjónustan sé sambærileg eða betri hér í bænum.

Á 69. fundi fjölskyldunefndar þann 10. október síðastliðinn lagði fulltrúi B-lista fram tillögu varðandi ferðapjónustu fatlaðra. Umræðum og afgreiðslu tillögunnar var frestað til næsta fundar. Á 70. fundi fjölskyldunefndar þann 24. október síðastliðinn var eftirfarandi tillaga lögð fram og rædd:

1) Þjónustukönnun á ferðapjónustu fatlaðra verði unnin af félagsþjón-



Kristbjörg Þórisdóttir

Fulltrúi
Framsóknar
í fjölskyldu-
nefnd



ustu Mosfellsbæjar annað hvert ár til að stuðla að sem mestum gæðum þjónustunnar og leggja grunn að breytingum komi fram óánægja hjá notendum.

2) Ferðum til einkaerinda verði fjölgað úr 12 í 20 ferðir á mánuði. Heimilt verði að veita þeim er nota þjónustuna daglega vegna vinnu eða skóla kost á fleiri ferðum.

3) Gjaldskrá og aðrar viðmiðunarreglur verði skýrar og aðgengilegar og miði við hálftrætógjald. Farþegum verði heimilt að hafa með sér annan farþega enda greiði hann sama gjald. Þurfi farþegi aðstoðarmann ferðast aðstoðarmaður frítt með farþega.

4) Tekið verði við pöntunum frá kl. 8-17

í stað kl. 9-16 og einnig verði hægt að panta ferðir frá kl. 9-13 á laugardögum. Kvöldferðir verði hægt að panta samdægurs til kl. 16 á virkum dögum.

5) Í janúar 2007 verði mögulegt að panta ferðir samdægurs með að minnsta kosti þriggja klst. fyrirvara.

Fjölskyldunefnd samþykkti fyrsta lið tillögunnar og atriðum tillögunnar verður vísað áfram til fulltrúa Mosfellsbæjar í samstarfsnefnd fulltrúa sveitarfélögunna sem fjalla um ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Öðrum atriðum tillögunnar var vísað til árlegrar endurskoðunar á reglum Mosfellsbæjar um ferðapjónustu fatlaðra. Sjá nánar á www.mos.is

Ef þú kjósandi góður hefur áhuga á að koma á framfæri þínum ábendingum eða athugasemdum varðandi ferðapjónustuna eða önnur mál þá hvet ég þig til að hafa samband við mig sem fulltrúa þinn í fjölskyldunefnd. Það getur þú gert með því að fara inn á www.mosfellsfrettir.is og skrifa mér tölvupóst.

Árlegir jólatónleikar þann 3. des.

Hinir árlegu jólatónleikar Skólakórs Varmárskóla og Karla-kórsins Stefnis verða haldnir í Lágafellsskóla sunnudaginn 3. desember. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og von að sem flestir mæti og byrji aðventuna á fögrum söng.



Bein leið í bæinn

Mosfellingar hafa eflaust tekið eftir því að mislægu gatnamót Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur hafa verið tekin í notkun. Þau voru opnuð þann 23. nóvember og munu léttu mikið á umferð á milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur.

Vegna umfjöllunar um tengibraut

Í síðasta tölublaði Mosfellings var ítarleg umfjöllun um fyrirhugaða tengibraut sem áætlað er að tengi Helgafellsland um Álafossveg og Vesturlandsvegi. Ýmislegt í þeirri umfjöllun er gagnrýni vert en eitt er það þó sem stóð uppúr og er það sú myndbirting sem birt var með greinunum. Um er að ræða töluteiknaðar myndir á bls. 16 sem unnar hafa verið fyrir bæjaryfirvöld Mosfellsbæjar og eru notaðar til að sýna og sannfæra lesendur um að þetta sé ekki svo slæm framkvæmd. Að framkvæmdin hafi ekki þau umtalsverðu áhrif sem aðilar, sem eru á móti þessari framkvæmd, hafa bent á.

En hvað er það sem er að þessum myndum? Jú, inn á myndirnar, eins og reyndar er tekið fram í smáu lettri, vantar hljóðmanir Álafosskvosar megin. Það eitt og sér hlýtur að breyta ásyn þessa mannvirkis verulega. Einnig er fyrirhugað tveggja metra hátt vegrið ef marka má gögn

er fylgja deiliskipulagi tengibrautarinnar. Svo er ekki sýnd nein veglýsing sem hlýtur að fylgja þessu umferðarmannvirki. Ljósmyndirnar eru teknar úr mikilli hæð og gefa því ekki þá götmynd sem þarf til að gera sér grein fyrir hæð og umfangi mannvirkisins. Steyptur stoðveggur eða hleðsluveggur sem liggur meðfram mannvirkinu er kyrflega falinn bakvið húsaröð. Teljum við það mjög ámælisvert að bæjaryfirvöld noti þessar myndir sem klárlega sýna ekki þann raunveruleika sem mun blasa við bæjarbúum verði þessi framkvæmd að veruleika. Skorur við á bæjaryfirvöld að taka þessa mynd úr umferð og bæta hana þannig að hún sýni sannleikann. Bæjaryfirvöld ættu einnig að láta gera mynd sem sýnir sjónarhornið niður í Álafosskvosina frá Álafossvegi við Brekkuland meðfram mannvirkinu með öllum þeim stoðveggjum, hljóðmönnum,



vegriðum og lýsingu sem munu fylgja því. Af henni mætti betur sjá hverskonar mannvirki er um að ræða.

Yfirskrift umfjöllunarinnar var „Tengibraut við Helgafellshverfi skoðuð frá öllum hliðum“. Skoðum hana frá öllum hliðum.

Hildur Margrétardóttir og Jóhannes Bjarni Eðvarðsson

Örlítil hreyfing bætir, hressir, kætir og lengir lífið




Opnunartímar sundlaugarinnar að Varmá:

Símar: 566-6254 / 566-6754, netfang: sport@mos.is

Virkir dagar 06:15– 21:30

Helgar 09:00 – 18:00

Nýr nuddepottur, endilega komið við og slakið á eftir erfiði dagsins.



Tónleikar

*Karlakór Kjalnesinga og
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar*


Tónleikarnir eru haldnir til að vekja athygli
á stöðu aldraðra í Mosfellsbæ

*Íþróttamiðstöðinni að Varmá
sunnudaginn 3. desember 2006 kl. 16.00*

*Aðgangseyrir kr. 1.000.-
Aldraðir greiða ekki aðgangseyri
og eru sérstaklega boðnir velkomnir*



*Stjórnendur:
Páll Helgason
Daði Þór Einarsson*



*Ávörp flytja:
Siv Friðleifsdóttir heilbrigisráðherra
Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri
Gréta Aðalsteinsdóttir fulltrúi aldraðra*



Gjaldfrjáls fimm ára deild



Ófærð á Kjalarnesi

Aðfaranótt sunnudagsins 19. nóvember gerði vonskuveður á Kjalarnesi og var björgunarsveit in Kjölur því kölluð út. Vegna ófærðar á Akranesi var bílum á leið á Skagann gert að snúa við til Mosfellsbæjar. Einnig voru margir bílar fastir víðsvegar á Kjalarnesi og björgunarsveitin sá um að losa bílana og ferja fólk til síns heima.



Efnistaka fyrir umhverfismat

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hefur úrskurðað að efnistaka úr sjávarbotni í Hvalfirði, Kollafirði og Faxaflóa skuli fara í umhverfismat. Íbúar Kjósarhrepps gleðjast mjög yfir þessum úrskurði en þeir hafa til fjölda ára barist gegn efnistöku. Kjósverjar telja að efnistakan hafi valdið landbroti, haft gríðarleg áhrif á fjöru í Kjósinni og eyðilagt svæði sem eru á þjóðminjaskrá.

Heimsmeistaramót í matreiðslu

Íslenska kokkalandslíðið tók þátt í heimsmeistaramóti í matreiðslu í Luxemborg nú á dögunum. Íslendingar fengu bronsverðlaun fyrir kalt borð og silfurverðlaun fyrir heitan mat. Fyrirlíði liðsins var Mosfellingurinn Bjarni Gunnar Kristinsson en hann er einnig yfirmatreiðslumeistari á veitingastaðnum Grillinu.



Það er ekki í anda Vinstri-grænna að elta ólar við ómálefnalegar greinar og ónugheit pólitískra andstæðinga. Miklu frekar að horfa fram á við og gera allt til að kynna og vekja athygli á málefnum og hugsjónum flokksins á faglegan hátt. Aldrei fyrr hafa Vinstri-græn í Mosfellsbæ haft eins öflugt tækifæri og nú til þess að koma hugðarefnum sínum og stefnumálum í framkvæmd.

Hér á eftir koma svör við spurningum og vangaveltum frá fyrrverandi og núverandi Samfylkingarfélögum sem birst hafa í blöðum og netmiðlum undanfarið og hafa beinst að Vinstri-grænum.

„Hvernig ætli staðföstum, innvígðum og innmúruðum vinstri-grænum líki vistaböndin með sjálfstæðismönnum?“ spurði vara-bæjarfulltrúi og -formaður Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ, Anna Sigríður Guðnadóttir, í einni grein sinni í Mosfellingi eftir kosningar.

Þá var of snemmt fyrir undirritaðan að svara þessari spurningu, en nú get ég fullvissað varabæjarfulltrúann um að samstarfið fer mjög vel af stað. Hvorki spilum við Vinstri-græn né Sjálfstæðisflokkurinn sóla í samstarfinu og hvorugur flokkurinn tekur ákvörðun að hinum forspurðum. Hvað varðar innvígslu eða innmúrun þá hafa aldrei fleiri verið í okkar röðum

og enginn hefur brotist út ennþá.

„Þegar stjórnmálaflokkur kastar fyrir borð eigin hugsjónum og stefnu til að þóknast samstarfsflokki er sá hinn sami hækja.“ sagði fyrrverandi alþingismaður Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ, Valdimar Leó Friðriks-son, í grein sem hann skrifaði um Vinstri-græn í Mosfellsbæ.

Hugsjónir og aðalstefnumál Vinstri-grænna eru flestum kunn. Vinstri-græn voru til að mynda fyrst til að nefna gjaldfrjálsan leikskóla og var það eitt stærsta stefnumál flokksins í Mosfellsbæ fyrir sveitarstjórnakosningarnar. Það gleður mig því mikið að geta tilkynnt það að nú í drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2007, sem nú er til umfjöllunar í nefndum og ráðum bæjarins, að um áramótin verði fimm ára deildin gerð gjaldfrjáls.

Það er staðföst trú okkar Vinstri-grænna að leikskólinn eigi að vera gjaldfrjáls, hann er fyrsta skólástig barnsins.

„Munu VG alltaf kasta stefnu sinni fyrir róða um leið og þeir öðlast völd?“ spurði þingmaðurinn einnig í sömu grein.

Nei, það get ég fullvissað þingmanninn um að það munum við ekki gera. Við töldum og teljum enn meiri líkur á að koma okkar stefnumálum í framkvæmd í meirihlutasamstarfi en sitjandi í minnihluta. Fyrsta dæmi



Karl Tómasson

Forseti bæjarstjórnar og oddviti vinstri hreyfingarinnar græns framboðs

þess er nú að verða að veruleika eins og áður segir.

„Strax á fyrstu tveim mánuðum samstarfsins tókst þeim að pissa á eigin stefnu í umhverfisverndarmálum, allt eftir því hvað hentaði samstarfsflokki þeirra. Í Morgunblaðinu um daginn reyndi oddviti VG manna í Mos að svara fyrir verknaðinn en gróf sig einfaldlega dýpra inn í kvosina, enda alkunna að; „sekur flýr þótt enginn elti.““

Í þessum skemmtilega „málefnalega“ og þetta ritstíl hér að ofan frá fyrrverandi þingmanni Samfylkingarinnar og fyrrverandi samstarfskonu hans og varabæjarfulltrúa og -formanni Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ, má lesa áhyggjuótón.

Ég get fullvissað þau um að við Vinstri-græn í Mosfellsbæ munum standa á okkar meiningu og að flóti undan ábyrgð er okkur síst í huga. Þá hefðum við frekar kosið minnihlutasamstarf. En nú er spurt, hver er að flýja og hvert?

Hamrahlíðaskógur — hvar liggur leiðin þangað?

Í tugi ára hefur dugnaðarfólk í Skógræktarfélagi Mosfellsbæjarplantað trjám vestan undir hlíðum Úlfarsfells. Þar hefur orðið til úr grýttum jarðvegi hið myndarlegasta skógar-svæði. Þetta má kalla án þess að ýkja með langfallegustu útivistarsvæðum í okkar bæjarlandi.

Hvernig má það vera að þessi skógur er mjög illa aðgengilegur fyrir okkur Mosfellinga? Til að komast þangað þarf maður að keyra alla leiðina til Reykjavíkur, snúa svo við og aka tilbaka til að geta beygt inn á bílaplanið við Hamrahlíðaskóginn. Einhverra hluta vegna hefur sennilega gleymst að búa til akrein út úr hringtorginu þangað.

Ef maður ætlar að nota reiðhjól á

góðum degi þá tekur ekki betra við. Annað hvort þarf að hjóla króka-leiðir og teyma reiðskjótann yfir stórgryti eða setja sig í lífshættu á Vesturlandsveginum.

Nú fara jólin að nálgast og margir bæjarbúar vilja upplifa stemninguna sem felst í að fara í skóginn og sækja sjálfir sitt jólatré.

Þetta verður annað árið í röð sem Mosfellingar komast ekki í skóginn sinn án þess að fara stóran aukakrök.

Hvenær verður bætt úr þessu?

Úrsúla Jünemann



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, stjúp-móður, ömmu, dóttur, systur, tengdadóttur, tengdamóður og mágkonu.

Önnu Sigríðar Þorsteinsdóttur

(Anna Sigga)
Byggðarholti 1b

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á gjörgæslu LSH, félögum í Leikfélagi Mosfellsveitar, kirkjukórnum og öllu tónlistarfólki, strafsólki RV svo öllum þeim sem réttu okkur hjálparhönd á erfiðri stundu.
Guð blessi ykkur öll og launi.

Ólafur Haraldsson
Tanja Íris Ólafsdóttir
Tinna Ýr Vestmann Ólafsdóttir
Benedikt K. Ólafsson
Sandra Ólafsdóttir
Sonja Ólafsdóttir
Þorsteinn Jónsson
Systkini og aðrir aðstandendur

Davíð Þór Sævarsson

Bjarney Vignisdóttir
Kristófer E. Arnason

Forval hjá Vinstri-grænum

Mosfellingar, munið forvalið hjá Vinstrihreyfingunni - grænu framboði á höfuðborgarsvæðinu. Kjölfundur í Hlégarði, 2. desember kl 10-22.

Sjá nánar á www.vg.is





BYMOS

Háholti 14, sími 586 1210



Jólavörur á góðu verði

Opnunartími:

mánudagar-laugardagar 10:00-19:00

Sunnudagar 10:00-16:00



Glæsilegt vöruúrval

Skólaritari við Lágafellsskóla



Mosfellsbær óskar eftir að ráða skólaritara í 50% starf við Lágafellsskóla.

Hæfniskröfur:

Sjálfstæð vinnubrögð og góð hæfni í samskiptum.
Góð tölvukunnátta.
Vinnutími skv. samkomulagi.

Umsóknum má skila inn í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð, 270 Mosfellsbæ.

Allar nánari upplýsingar veita Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri s: 896-8230, Sigríður Johnsen skólastjóri s: 896-8210 eða Edda Hringsdóttir skrifstofustjóri s: 894-2876.



Douglas Brochie í Lágafellskirkju

19. desember kl. 20

>> *Orgeljól 2006* <<



Organisti Háteigskirkju í Reykjavík spilar ljúfa og skemmtilega orgeltónlist fyrir jólahátíðina

*Einnig kemur fram
Sigrún Jónsdóttir söngkona.*

Allir velkomnir -- aðgangur ókeypis

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar hefur styrkt tónleikahald þetta.
Ljósmynd af Lágafellskirkju notuð með góðfúslegu leyfi Þorsteins H. Ingibergssonar



Handverkshúsið komið í jólabúning

Jólaandinn sveimar nú yfir Handverkshúsinu og úrval handunnna jólagjafa hefur aldrei verið betra. Opnunartími hússins er nú þannig að á þriðjudögum til föstudaga er opið frá kl. 15-20 og um helgar frá kl. 14. Handverkshúsið er sem fyrr í Háholti 24, í gamla húsnæði Krónunnar.



Jólagjafir fyrir fátæk börn

Börnin í frístundaheimilum bæjarins tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa á vegum KFUK og KFUM. Börnin söfnuðu jólagjöfum fyrir fátæk börn í Úkraníu. Þetta framlag barnanna er frábært og mun gleðja margt barnið í Úkraníu.



Styrkur afhentur

Þann 1. nóvember var fundur hjá Kiwanisklúbbum Geysi. Á fundinum var Björgunarsveitinni Kili á Kjalarnesi afhentur styrkur fyrir kaupum á nýjum Zodiac bát. Forseti Kiwanisklúbbsins, Steingrímur Ólasson, afhenti Hermann Þorsteinssyni formanni Kjalara, ávísun á fjölmönnum fundi. Í síðasta blaði Mosfellings var ranglega farið með nafni Kiwanisklúbbsins og er beðist velvirðingar á því.

Sögukornið



Kristinn Magnússon
fjallar um fornleifar í Mosfellsbæ

Kirkjan að Varmá

Í brekkunni suðaustan og austan við húsnæði eldri deildar Varmárskóla eru rústir húsa sem tilheyrðu Varmárbænum. Í örnefnalýsingu segir: „... en bærinn stóð austan í móti, í brekku, sem hallaði niður að ánni, en hún heitir Varmá. Af þeirri á dró bærinn nafn sitt.“ Heimildir greina að kirkja hafi verið að Varmá. Elstu heimildirnar eru frá 1367. Kirkjan var Péturskirkja, þ.e. hún var helguð Pétri postula. Kirkjunnar er getið í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 og eru þar m.a. taldar upp eigur hennar. Viðeyjarklaustur eignaðist kirkjuna árið 1395. Ekki er með vissu vitað hvenær hún var aflögð en talið að það hafi verið á árabílinu 1553 - 1584. Í túni Varmárbæjarins stóð hóll sem talið var að geymdi rústir kirkjunnar að Varmá. Á árunum fyrir 1970 voru uppi áform um byggingu Gagnfræðaskóla Mosfellssveitar svo nærri hólnum að ekki þótti víst að hann mundi sleppa óskaddaður frá þeim framkvæmdum.

Kirkjurústin grafin upp

Árið 1968 var því ráðist í fornleifauppgröft á staðnum. Sveinbjörn Rafnsson stjórnadi uppgræftrinum en honum til aðstoðar var Helgi H. Jónsson. Sveinbjörn skrifaði grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1970 þar sem hann gerði grein fyrir niðurstöðum rannsóknanna. Í hólnum fundust leifar þriggja húsa frá mismunandi tímum. Efst var tóft sem var um 3 metra löng og um 1,5 metra breidd. Dyr voru á vesturgaffli. Tóftin var nokkuð vel varðveitt og í henni var hellugólf. Engar áreiðanlegar vísbendingar fundust um til hvers það hús sem þarna stóð hafði verið notað. Líklegast þótti að að um hafi verið að ræða einhverskonar útisKemmu eða kofa yfir búpening. Í tóftinni fannst m.a. eirhani með skrúfu eða handfangi. Hanar af þessari gerð komu fram á síðmiðöldum og héldust lengi í notkun. Þeir voru reknir í öltunnur þegar tappa skyldi af þeim. Sveinbjörn Rafnsson taldi að kofinn hafi verið reistur einhvern tíma á 19. öld. Undir þessari tóft var önnur. Hún var byggð úr torfi og grjóti. Í tóftinni voru þykkar gólfskánir og í norðvesturhorni tóftarinnar fannst eldstæði. Þar fundust járnjallsmolur sem rekja má til járnsmíði. Ljóst þótti að hér hafði staðið smíðja. Í smíðjunni fannst fjöldi muna. Margir þeirra voru úr



Kirkjan að Varmá gæti hafa lítið svona út.

eir, t.d. tappi sem talin er vera skrúfventill úr ölhana. Fimmtán rauðir jaspissteinar lágu saman í hrúgu í smíðjunni. Þar voru tilhöggirnir steinar sem virtust vera sleggjuhausar. Nokkuð fannst af glerbrotum, bæði úr rúðugleri og flöskum og einnig fundust allmörg brot af leirkerum sem tímasett voru til 18. aldar. Í rústinni fannst öskulag sem Sveinbjörn Rafnsson leiddi líkur að að væri úr Kötlugosi frá 1721. Staðsetningu lagsins taldi hann sýna að smíðjan hafi verið reist skömmu eftir árið 1721. Undir smíðjutóftinni kom þriðja tóftin í ljós. Voru þar komnar leifar kirkjunnar sem eitt sinn stóð að Varmá. Kirkjan hefur verið mjög lítil, aðeins 5 x 3 metrar að innanmáli eða 15 fermetrar. Undirstöður veggjanna voru úr grjóti og mjög vandaðar. Við austurgafflinn var ulöguð steinaröð sem myndaði kór kirkjunnar. Kirkjan var gerð úr torfi og grjóti. Að innan var hún sennilega þiljuð og með timburgólfi. Líklega hefur verið upphækkun í kór kirkjunnar og þrep upp á hana. Á vesturhlíð kirkjunnar hefur líkast til verið timburstafln. Grafir fundust við norður- og suðurvegg kirkjunnar og lágu þær eins og tóftin. Í kirkjutóftinni fundust m.a. tvær eirþynnur sem haldið er saman af þremur eirnögglum, eirhanki, sennilega eyra af potti, brot af eggjárni, ljá eða sigð, snældusnúður úr klébergi og grænleitt steinbrot sem í hefur verið ristur hringur.

Eru rústir kirkju og kirkjugarðs enn varðveittar?

Svo virðist sem enginn hafi lengur vitneskju um nákvæma staðsetningu kirkjurústarinnar, sem grafin var upp árið 1968. Rústin var þó skilin eftir sem næst í sama

ástandi og komið var niður á hana við uppgröftinn. Í áðurnefndri grein Sveinbjörn Rafnssonar segir: „Skýrt skal þó tekið fram, að ekki var allsstaðar grafið í botn á óhreyft undir rústum þessum... Kom þar einkum til, að við það hefði hin vandaða steinhleðsla undir kirkjunni verið gjöreyðilögð... Verði nú ekki skóla- byggingin byggð beint ofan í tóftina, er óhætt að hylja hana mold og geyma þannig í jörð að mestu óskemmda.“ Um 1980 fór fram fornleifaskráning í Mosfellssveit. Þá var leitað að rústinni án árangurs. Um þetta segir skársetjari: „Við byggingu skólans, sem er þarna vestan við, hefur verið ýtt fram mikilli möl og mold, þannig að nú er allhár bakki vestan við rústirnar [þ.e. rústirnar sem enn eru sýnilegar í brekkunni upp af Varmá]. Líklega er kirkjan öll eða að hluta komin undir þennan bakka.“ Fróðlegt væri ef hægt reyndist að finna kirkjutóftina að nýju. Ef svæðið er ennþá lítt raskað eru miklar líkur á kringum kirkjutóftina sé órannsakaður kirkjugarður. Í grein Sveinbjörn Rafnssonar er ekki sagt frá því hvort bein fundust í gröfunum sem lágu við langveggi kirkjunnar. Uppgröftur hans takmarkaðist að mestu við rústirnar í hólnum. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1969 fer Þór Magnússon þáverandi þjóðminjavörður nokkrum orðum um rannsóknina. Hann segir m.a.: „Umhverfis [kirkjutóftina] mótaði fyrir kringlóttum garði og á þremur stöðum varð vart grafa, en vegna smæðar garðsins hefur ekki verið um að ræða nema tiltölulega fáar grafir í garðinum. Kirkjugarðurinn sem slíkur var ekkert rannsakaður.“

Kristinn Magnússon
fornleifafræðingur

Frjálst og óháð bæjarblað
Mosfellingur kemur næst út 22. desember



Pósthúsið í Mosfellsbæ opnar að Háholti 14, í dag 1. desember

Í dag, föstudaginn 1. desember, verður pósthúsið
í Mosfellsbæ opnað á nýjum stað að Háholti 14.
Afgreiðslutími er alla virka daga frá kl. 09.00-18.00.

Hlökkum til að sjá þig!

www.postur.is

SKÖTUHLAÐBORÐ í hádeginu á Þorláksmessu



Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja,
spænskur saltfiskréttur, plockfiskur, saltfiskur,
hákarl, síldarréttir, paella, fiskipaté,
tartalettur, rauðspretta, fiskigratin, paté og fl.

Borið fram með rúgbrauði, rófum, kartöflum,
hnoðmör, smjöri, hömsum, hangifloti og fl.



Dúettinn
HLJÓMUR
með lifandi tónlist

Hlégarður

Vinsamlegast pantið borð tímanlega
í síma: 566-6195 eða 566-8215.



 **VEISLUGARÐUR**
Veisluþjónustan Hlégarði
Háholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

Nýjar lóðir í Leirvogstungu



Þrívíddarmyndband sem sýnir hugsanlegt útlit byggðar í Leirvogstungu er á www.leirvogstunga.is.

Nýjar lóðir á svæði þrjú

Hinn 22. nóvember síðastliðinn hófst sala á einbýlis- og raðhúsalóðum á svæði þrjú í Leirvogstungu. Lóðirnar hafa hlotið mjög góðar viðtökur enda eru þær glæsilegar. Þær eru í hallandi landi og snúa að sjó og bjóða því upp á mjög gott útsýni yfir voginn. Til viðbótar þessu eru enn til sölu ein einbýlishúsalóð á svæði tvö og nokkrar keðju- og raðhúsalóðir á svæði fimm.

Lóðir í Leirvogstungu hafa verið eftirsóttar. Engin fjölbýlishús verða í hverfinu auk þess sem rýmra er um lóðir en víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og meira um fallleg, opin, sameiginleg svæði á milli þeirra. Vandað er til alls frágangs. Áhersla er lögð á leiksvæði, hellulögð torg, tré og gróður.

Heimasíða Leirvogstungu, www.leirvogstunga.is, veitir miklar upplýsingar um svæðið. Þar er meðal annars sagt frá möguleikum til útivistar og íþróttar í grenndinni og stiklað á stóru í sögu svæðisins en þar var mikið líf á landnáms- og þjóðveldisöld. Allt er efnið stutt með glæsilegum ljósmyndum af Leirvogstungu og svæðinu í kring sem Bjarni Sveinbjörn landeigandi hefur sjálfur tekið. Það sem mesta athygli hefur vakið er þó sennilega kortið af svæðinu og þrívíddar-

myndband sem sýnir hvernig byggðin getur litið út. Í kortinu er hægt að kalla fram myndir af svæðunum sem verið er að selja og smella á lóðir og fá upplýsingar um þær, svo sem verð, stærð, hámarksnýtingarhlutfall og fleira.

Þrívíddarmyndbandið er gert af Onno ehf. sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrívíddargrafík. Þar hefur svæðið verið teiknað upp í þrívídd og inn í það er sett hugmynda-hús sem Teiknistofa arkitekta, Gylfi

Guðjónsson og félagar, hefur teiknað. Myndin er mjög vel gerð, tré hafa verið „gróðursett“ meðfram húsunum, bílar af mismunandi gerðum eru í innkeyrslunum og fólki bregður fyrir við húsin og inni í þeim.

Á heimasíðunni www.leirvogstunga.is er hægt að skoða lóðir og verð og fylla út tilbodseyðublað. Tilbodseyðublaðin eru svo send til fasteignasala. Það eru Fasteignasala Mosfellsbæjar og Landslög - lögfræðistofa



Á vefnum er kort sem sýnir upplýsingar um lóðirnar, stærð, verð og hámarksnýtingarhlutfall.



Sex ættliðir á sömu jörð

Hverfið í Leirvogstungu er reist á gamalli bújörð og hefur sama fjölskyldan búið þar í á annað hundrað ár. Bjarni Sveinbjörn Guðmundsson sem er af fimmta ætlið fjölskyldunnar stendur að framkvæmdunum ásamt konu sinni Katrínu Sif Ragnarsdóttur. Faðir Bjarna, Guðmundur Magnússon, tók nú í sumar fyrstu skóflustunguna að hverfinu ásamt Herdísi Sigurjónsdóttur vararofseta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Bjarni og Katrín hafa fengið til liðs við sig fagaðila á öllum sviðum til að aðstoða við framkvæmdina en hafa í gegnum allt ferlið haldið þeirri meginstefnu að í Leirvogstungu byggist upp sérbýlishverfi sem er í takt við náttúruna og umhverfið.

Einar Páll Kjærnested fasteignasali:

Margir nýir Mosfellingar á leiðinni

„Viðtökur hafa verið frábærar og sala á lóðum í fyrsta áfanga fór fram úr björtustu vonum. Því var ákveðið að hefja sölu á svæði þrjú mun fyrr en áætlað hafði verið,“ segir Einar Páll Kjærnested hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar. Hann situr við símann þessa dagana en við fengum hann til að taka sér stutt hlé og tala við okkur um lóðasöluna í Leirvogstungu.

Er þetta ekki frekar óvenjulegt verkefni?

„Verkefnið er svo sem ekkert óvenjulegt. Um er að ræða eignasölu sem er í grunninn alveg eins og sala á íbúðum eða húsum. Það sem er sérstakt við Leirvogstunguverkefnið er að hjónin Bjarni og Katrín eiga landið og halda utan um allt skipulag og framkvæmd. Þau hafa fengið til liðs við sig sérfræðinga á öllum sviðum og sjá til þess að allt sé unnið af metnaði og alúð. Við höfum átt mjög gott samstarf við þau og ég held að ég geti fullyrt að þetta sé skemmtilegasta verkefni sem við höfum tekið þátt í.“

Er algengt að fólk ætli að byggja sjálf?

„Já, það er greinilegt. Mikill fjöldi einstaklinga hefur keypt sér lóðir og ljóst er að í dag telja margir hagkvæmara að byggja sjálfir. Kaupendur eru úr ýmsum áttum, en þó er áberandi



Einar Páll hefur í nógu að snúast um þessar mundir enda er nýhafin sala á nýjum lóðum í Leirvogstungu

að stór hluti þeirra kemur úr öðrum bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en Mosfellsbæ. Það eru því margir nýir Mosfellingar á leiðinni.“

Hvaða spurningu færðu oftast frá væntanlegum kaupendum?

„Það er áberandi að margir vilja vita hvernig sölufyrirkomulagið er og hvenær eigi að skila tilboðum. Svarið við þessu er að það er enginn tilboðsfrestur heldur eru lóðirnar seldar nánast strax og tilboð berast. Við erum þegar búin að selja nokkrar lóðir, þannig að þessi áfangi fer mjög vel af stað.“



„Vinnuvélar að störfum í Leirvogstungu. Líklegt er að hús fari að rísa á svæðinu á vormánuðum eða jafnvel fyrr.“



Sæð yfir Leirvoginn og ekki verður annað sagt en útsýnið sé glæsilegt.

Samskiptin við félagana eru góð

-segir Dominik Chmielenski

„Ég hef unnið hér á Íslandi í um það bil eitt og hálf tít,“ sagði Dominik Chmielenski glaður í bragði en hann er pípulagningamaður og sér um að þau mál séu í lagi við undirbúning bygðarinnar í Leirvogstungu.

Chmielenski er pólskur og segist að sjálf-sögðu upphaflega hafa komið til landsins vegna peninganna. Hann hafi ætlað að vera hér í um það bil eitt ár, nú sé þetta orðinn lengri tími og möguleiki sé á að hann verði hér enn lengur. Hann segir samskiptin vera góð við íslenska starfsfélaga, enskan sé aðalmálið í samskiptum við þá en hann sé alltaf að læra eitthvað í íslensku. Því til staðfestingar kveður hann með kurteislegu: „Takk fyrir!“



Dominik Chmielenski er búinn að vinna á Íslandi í eitt og hálf tít og segir möguleika á því að hann verði hér lengur.

Áfangaskil í Leirvogstungu

- góður andi í kaffiskúrnum

Það var hlýja og gleði í kaffiskúr Ístaks í Leirvogstungu laugardaginn 18. nóvember þrátt fyrir að brunagaddur væri utandyra. Í tilefni loka fyrsta verkáfangs var boðið upp á glæsilegan kvöldmat með öllu. Fyrir utan var heljarstórt grill og Svanur Hafsteinson kokkur og sonur hans hlupu inn og út með lambasteik, kjúkling og heitt hvítlauksbrauð. Þegar Ásgeir Loftsson, byggingaverkfræðingur hjá Ístaki, settist við borð með væna flís af lambi á disknum, sagði hann með bros á vör: „Áfangaskipti eru góð.“



„Ásgeir Loftsson byggingaverkfræðingur á vinnusvæðinu í Leirvogstungu.“

Eins og blómstrið eina

Ástmar Karl Steinarsson, eftirlitsmaður frá Fjölhönnun, er ánægður með framkvæmdina í Leirvogstungu: „Við tókum stikkprufur og framkvæmum mælingar. Þetta er yfirleitt eins og blómstrið eina en ef upp kemur misræmi reynum við að finna lausn á staðnum.“ Mikael Traustason, yfirmaður eftirlits, segir að í eftirlitinu felist samskipti við verktakann og hönnuði og eftirlit með störfum þeirra. „Hér eru á ferðinni fagaðilar á hverju sviði sem eigendur Leirvogstungu völdu eftir orðspori en ekki með útbóði. Þetta gerir það að verkum að það er valinn maður í hverju rúmi og vandað til allra verka.“




Eftirlitsmennirnir Ástmar og Mikael fara fögrum orðum um framkvæmdina í Leirvogstungu.

Hvernig viltu hafa það?

Gröfumennirnir Hallur Steingrímsson og Barði Kristjánsson sátu við glugga í vinnuskúrnum í Leirvogstungu og borðuðu og spjölluðu við þá Ásgeir Valdimarsson og Hlyn Ingólfsson. Þeir félagar sögðust alltaf hittast hálf tólf á hverjum degi í mat og að mórallinn í skúrnum væri góður. Unnið væri til sex alla virka daga og svo væri unnið flesta laugardaga en það færi eftir þörfum.

Þegar Hallur og Barði voru spurðir hvort það væri rétt að þeir væru bestu gröfumenn á landinu og þeir gætu klippt hárið á mönnum með gröfunni vildu þeir lítið gera úr því. Hallur spurði samt eftir smá umhugsun: „Hvernig viltu annars hafa það?“



Fullyrt er að Hallur Steingrímsson sé hárnákvæmur gröfumaður.



Glæsilegur árangur

Þann 4. nóvember síðastliðinn var haldin nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Keppnin var haldin í 15. skipti. Fjölmargar hugmyndir komu frá nemendum í Varmárskóla. Þrír nemendur úr skólanum komust í úrslit. Anna Lilja Ægisdóttir vann 2. verðlaun fyrir hugmynd í flokki hugbúnaðar fyrir tillögu sína Latabæjarorka og vandræði. Þá komust þeir Ingavar Þór Gardars-son og Davíð Hafsteinsson í úrslit með hugmynd sína, grjónapúði með baki. Það var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhenti verðlaunin. Glæsilegur árangur hjá börnunum og greini-lega margir góðir hugmynda- smíðir sem leynast í bænum.



Styrktartónleikar kirkjukórsins

Jólaljós, stórtónleikar kirkjukórs Lágafellssóknar verða haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 20. desember kl. 20.00. Tónleikarnir eru til styrktar ungrri konu í Innri-Njarðvík og þremur börnum hennar en þau misstu fjölskylduföðurinn í bílslysi í sumar sem leið. Kirkjukór Lágafellssóknar ásamt hópi listamanna halda tónleikana. Nánar auglýst síðar. Stjórnandi kórsins er Jónas Þórir




Samstarf Gljúfrasteins og Þórbergseturs

Þann 25. nóvember var undirritaður samstarfssamningur hjá Gljúfrasteini og Þórbergsetri. Samingurinn felur í sér að stofnanirnar taka höndum saman í að efla áhuga á íslenskum bókmenntum og menningu.

Ólöf Oddgeirsdóttir sýnir í Listasalnum

Táknmyndir

Myndlistasýningin Táknmyndir er nú til sýnis í Listasalnum. Verkin eru eftir Ólöfu Oddgeirsdóttur. Ólöf útskrifaðist úr Myndlis- ta og handsmíðaskóla Íslands árið 1994 og hefur því starfað við myndlist í rúm 16 ár. Sýningin er núnda einkasýning Ólafar en hún starfar og býr í Álafosskvos og starfrækir þar einnig sýningarsal. Sýningin er öllum opin á opnunartíma bókasafnsins.



Glæsileg afmælisveisla leikfélagsins

Leikfélag Mosfellsveitar hélt upp á 30 ára afmæli sitt þann 11. nóvember í Hlégarði. Þar komu saman leik- félagar og velunnarar leikfélagsins og átta ánægjulega kvöldstund. Skemmtiatriði á vegum félagsins þóttu vel heppnuð og eftir þau lék stórhljómsveit Bigga Haralds fyrir dansi. Þá hélt Leikfélagið einnig skemmtikvöld þann 18. nóvember í leikhúsinu. Þar var boðið upp á gömul og góð skemmtiatriði sem og ný í bland. Nú er Leikfélagið að sýna nýtt leikrit í leikhúsinu sem ber nafnið Varaðu þig á vatninu. Verkið er í leikstjórn Guðjóns Pálmarssonar. Næsta sýning verður 3. desember.



Dagur íslenskrar tungu á Hlaðhömrum

Dagur íslenskrar tungu var þann 16. nóvember. Börnin á leik- skólanum Hlaðhömrum gerðu sitt til þess að halda upp á daginn og mættu í skólann í náttfötum og með uppáhaldsbangsann sinn. Öll börnin hittust síðan í salnum og þar ræddi Dóra Wild við börnin um dag íslenskrar tungu og íslensku skáldin okkar. Þá var einnig sungið og mikil gleði það sem eftir lifði dags.

Aðventutónleikar í Mosfellskirkju



Sigrún Hjálmtýsdóttir ásamt blásarasextett, í daglegu tali Diddú og drengirnir, halda sína árlegu aðventutónleika í Mosfellskirkju miðvikudaginn 6. desember 2006, kl. 20:30. Efnisskráin að þessu sinni er helguð Mozart, en á þessu ári eru liðin 200 ár frá fæðingu hans. Þó verða fastir liðir aðventutónleikanna á sínum stað.

Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna eru sérstakur tónlistarviðburður í menningarlífi Mosfellsbæjar, en tónleikarnir eru nú haldnir tíunda árið í röð. Á tónleikunum hafa frá upphafi verið frumfluttar umskriftir á klassískum verkum fyrir blásarasextett og sópran, en þetta er ekki algeng samsetning hljóðfæra og raddar.

Margir Mosfellingar auk annarra hafa árvísst sótt litlu sveitakirkjuna í Mosfellsdal heim að þessu tilefni, enda eru tónleikarnir í Mosfellskirkju á jólaföstu orðnir ómissandi hluti af undirbúningi fyrir helgihald jóla.

Hljóðfæraleikarar eru Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson, sem leika á klarinettur, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jóelsson sem leika á horn og á fagott leika Brjánn Ingason og Björn Árnason.

Miðasala er hafin í bæjarskrifstofum í Mosfellsbæ í þjónustuveri á fyrstu hæð. Alltaf hefur verið uppselt á þessa tónleika undanfarin ár og því er aðeins hægt að fá miða í forsölu, en einnig er hægt að greiða miðana símleiðis. Hafið samband við þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525-6700 þar sem miðasala fer fram og allar aðrar upplýsingar um miðasöluna eru veittar.



Menningarmálanefnd
Mosfellsbæjar



Hafliði Ragnarsson hefur haft kökukefli í höndunum svo lengi sem hann man eftir sér

Konfektíð á hug minn allan



Mosfellsbakarí heldur upp á 25 ára afmæli þann 6. mars 2007 við þau tímamót flytur bakaríið í nýtt húsnæði í Mosann.

Fjölskylduhagir?

Ég er giftur Ellisif A. Sigurðardóttur og á tvö börn Sigurð Erik 10 ára og Heklu Nínu 6 ára.

Menntun?

Ég útskrifaðist sem bakarí árið 1993, fór svo í konditori nám til Danmerkur árið 1995 þar sem ég vann í Roskilde í litlu bakaríi, lauk þar námi 1997 og kom heim til Íslands.

Auk þess hef ég lokið nokkrum námskeiðum í súkkulaðigerð í Belgíu og Frakklandi.

Af hverju bakarí?

Ég byrjaði að vinna við að sópa gólf í bakaríinu 12 ára og þrjúkaðist við að byrja að læra að loknum grunnskóla, en sennilega er þetta í genunum þar sem langafi, afi og pabbi eru allir lærðir bakarar svo fékk ég allt í einu brennandi áhuga og dreif mig í námið og hélt áfram í konditorinni þar sem ég fékk strax meiri áhuga á kökum og skreytingum.

Hvenær var Mosfellsbakarí stofnað?

Bakaríið var stofnað árið 1982 af foreldrum mínum Áslaugu Sveinbjörnsdóttur og Ragnari Hafliðaasyni og föðurbróður mínum Rafni Hafliðaasyni og eiginkonu hans Önnu Gestsdóttur.

Nú rekið þið bakarí bæði í Mosfellsbæ og Reykjavík hvernig hefur reksturinn gengið?

Reksturinn byrjaði frekar brösuglega í byrjun og hætti föðurbróður minn í rekstrinum eftir aðeins eitt ár en mamma og pabbi héldu áfram og náðu á næstu fimm árum að snúa

rekstrinum við og gekk mjög vel.

Árið 1997 kom ég heim úr náminu og kom með þeim inn í reksturinn ásamt Ellisif eiginkonu minni og Lindu systur minni, þar sem við breyttum stefnunni í bakstrinum og gerðum nýja verslun sem var og er nokkuð sérstök að mínu mati allavega hefur gengið mjög vel síðan auk þess sem við keyptum síðan árið 2001 eitt elsta bakarí í Reykjavík á Háaleitisbraut 58-60 af Hermanní Bridde bakameistara og breyttum því núna í nóvember í eitt glæsilegasta bakarí á landinu og gengur það mjög vel.

Hvað starfa margir hjá fyrirtækinu?

Hjá fyrirtækinu eru um 45 manns á launaskrá en það eru margir sem vinna hlustastörf eins og um helgar þar sem bakaríið er opið nánast alla daga ársins.

Hafa Mosfellingar verið duglegir að sækja til ykkar þjónustuna?

Þó að í byrjun hafi kannski gengið brösuglega þá hafa Mosfellingar staðið þétt við bakið á okkur og vil ég þakka sérstaklega fyrir það.

Svo fundum við fljótlega fyrir því að fólk var farið að koma úr nærliggjandi sveitafélögum til að versla og koma og fá sér kaffi í helgarbíltúrnum þar sem fólkíð talaði um að bakaríið væri sérstakt og hlýleg, þar má segja að hugmyndin að því að opna bakarí í Reykjavík hafi kviknað. Svo er líka alltaf gaman að sjá Mosfellinga koma í búðina í Reykjavík þar sem þeir sækja vinnu eða í helgarbílturnum.

Nú stendur til að Mosfellsbakarí fari í nýtt húsnæði, hvenær verður af því?

Já það stendur mikið til og miklar breytingar framundan. Þar sem vöxturinn á fyrirtækinu hefur verið mikill er gamla húsnæðið hreinlega orðið of lítið fyrir framleiðsluna og búðin mætti líka vera stærri og eftir mikla yfirlegu höfum við ákveðið að flytja allt bakaríið í nýjan verslunarkjarna í Mosfellsbæ sem nefnist Mosinn. Það verður að sjálf-sögðu erfitt að kveðja gamla bakaríið og þá sérstaklega búðina, en við erum í samvinnu við Ítalskt fyrirtæki um að innrétta búðina og skapa sérstakt umhverfi og andrúmsloft þar sem fólk getur notið þess að koma skoða og versla í rólegheitum.

Dagsetningin á opnuninni hefir verið ákveðin 6. mars 2007 en það er einmitt 25 ára afmælisdagur bakarísins og er óhætt að segja að ég sé bæði spenntur og kvíðinn fyrir því en ég vona að Mosfellingar taki vel í breytingarnar og njóti þess að koma til okkar.

Einhverjar nýjungar framundan?

Að sjálf-sögðu munum við bæta við nokkrum nýjungum. Fyrst nefni ég súkkulaðið það fær alveg sérstakt umhverfi, auk þess mun fást heimalagaður ís sem ég er byrjaður að framleiða og bíð upp á í versluninni á Háaleitisbraut. Auk þess sem við munum setja upp sjónvarpsskjái sem sýna vöruna okkar eins og brúðkaupstertur og fleira og sýna myndir úr vinnslunni hvernig brauðið verður til. Og að sjálf-sögðu margt fleira sem kemur í ljós þegar opnar.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ja, það má eiginlega segja það að áhugamálið sé allt í kringum bakaríið og þá sérstaklega súkkulaðið hjá mér en ég hef framleitt konfekt sem



þakkað er í trúskjúr undir mínu eigin nafni HR konfekt síðustu 3 ár og er óhætt að segja að það hafi gengið vonum fram. Ég tel að það séu miklir framtíðarmöguleikar í því, það er nú þegar í sölu í fríhöfminni í Leifstöð ásamt Vínberinu á Laugavegi og í Mosfellsbakarí. Nú nýlega fjárfestum við í tækjum og bjuggum til frábæra aðstöðu fyrir súkkulaðiframleiðsluna á bak við verslunina á Háaleitisbraut og þetta verkefni á því hug minn allan. Þetta hljómar kannski frekar einhæft en það er bara svo ótrúlega gefandi að búa eitthvað til sem gleður fólk og litar lífið.

Lífsmottó?

Að upplifa draumana sína!

Eitthvað að lokum?

Já ég vil nota tækifærið og þakka öllu því frábæra starfsfólki sem við höfum í vinnu því að fyrirtækið er starfsfólkið.

ruth@mosfellingur.is
myndir: úr einkasafni

Hvenær kemst þú í jólastkap?



Gíslí Skúlason

„Fyrsti vísirinn að jólastemningu í mínum huga er þegar jólastemningar taka að lýsa upp skammdegið. Þegar bókatíðindi hafa svo verið borin í hús finnst mér eins og það sé opinberlega búið að hringja inn jólin. Þá er tími til þess kominn að anda að sér stemningu og aðdraganda jólanna með því að taka þátt í jólaverslun og / eða setjast niður og skrifa jólakort til vina og ættingja, helst með heitt kakó, góða tónlist, hvíta jörð og kertaljós í bakgrunni. Þá er ég kominn í jólastkap!“



Hlynur Tómasson

„Tja - er maður ekki alltaf í jólastkap? En það eykur að sjálfsögðu á stemminguna þegar jólalögin fara að heyrast - eins og White Christmas með Bing Crosby nú eða bara hann Laddi okkar með snjókorin sem falla.“

Og toppurinn er náttúrulega þegar hamborgarhryggurinn er inni í ofni og allir pakkarnir komnir á sinn stað undir trénu.“



Jóhanna Baldursdóttir

„Jólastapið kemur með aðventunni og þegar jólaljósinn fara að lýsa upp skammdegið þá kemur jólastemningin. Besta leiðin til að njóta aðventunnar er að sleppa öllu stressi, vera innan um gott fólk, fara á kaffihús og tónleika. Ganga Laugavegin og syngja jólalögin með Álafosskórnum.“



Karl Friðriksson

„Jólin hafa langan aðdraganda hjá mér. Hugleiðingar um jól byrja við upphaf rjúpnaverðidaginn. Þannig má segja að 15. október ár hvert sé byrjun á jólnum, þegar ég ásamt tveimur félögum mínum förum til veiða eins og við höfum gert síðastliðin 25 ár. Það er alltaf farið á fyrsta degi og aldrei skotið meira en rétt fyrir kvöldverð á aðfangadag. Frá 15. október er síðan notað hvert tækifæri fram að jólam til að komast í enn frekara jólastkap.“



Eva Björk Sveinsdóttir

„Það er margt sem kemur mér í jólastkap, meðal annars eru það jólalögin í útvarpinu í byrjun desember, baka smákökur með strákunum mínum, skrifa jólakort, setja upp jólastkraut og kaupa jólagjafir. Í desember er svo mikið um að vera, jólahlaðborðin eru ómissandi, öll ljósadýrðin og skraut alls staðar. Þetta er alveg frábær tími. Það sem kemur mér þó pottþétt í hörku jólastkap er ef það snjóar í desember. Það er ekkert eins jólalegt og nýfallinn snjór sem situr á trjánum svo greinarnar svigna.“



NÝTT Í SNÆLANDI



Kjúklingabringu Fajitas fyrir tvo kr. 1990

Munið bílalúguna

Alltaf heitur heimilismatur í hádeginu
Steik og ís á föstudögum





Óskum bæjarbúum
gledilegra jóla
og farsældar á nýja ári



gsm 894 1825
heima 566 7628
essinn@simnet.is

www.simnet.is/essinn

Alhliða innrömmun
s.s. handverk, speglar,
málverk o.fl.
Út saumur
handklæði
OPIÐ:
virkis daga
12:00-18:00
og eftir
samkomulagi



þar sem tryggingar snúast um fólk



Þverholt, Mosfellsbæ, Sími 5667510

Opið: 8-16 alla virka daga

GLERTÆKNI ehf.



Völuteigur 21
Sími: 566 8888



**Dýralæknirinn
Mosfellsbæ**

Þverholti 2
5665066



MOSFELLINGUR

Mosfellingur kemur út 22. desember

Tekið er við jólakveðjum á mosfellingur@mosfellingur.is



Pizza Pizza
TILBOÐ



Þú sækir pizzu og stóran
skammt af brauðstöngum
og færð aðra frítt með



Coca-Cola

Gildir ekki með öðrum tilboðum





Hlutu silfur og brons á unglíngamóti

P-2 flokkur Aftureldingar í fimleikum vann silfurverðlaun fyrir stökk á trampólíni og bronsverðlaun fyrir dans á fyrsta hóp-fimleikamóti vetrarins sem nýlega var haldið á Selfossi. Stúlkurnar voru að keppa í fyrsta sinn í flokki unglínga eftir svokölluðum FSÍ reglum en þær eru gerðar strangari kröfur heldur en á þeim byrjendamáttum sem þær hafa keppt á hingað til.



Unnu ellefu verðlaun á Íslandsmóti

Fimleikadeild Aftureldingar sópaði að sér verðlaunum Íslandsmóti í almennum fimleikum sem haldið var á haustdögum. Fyrir hönd fimleikadeildar Aftureldingar kepptu 14 stúlkur í 2. þrepi og unnu þær 11 verðlaunapeninga. Eva María Guðmundsdóttir fékk gull- og tvenn silfurverðlaun, Birta Jónsdóttir hreppti gull- og bronsverðlaun, Agnes Ýr Gunnarsdóttir fékk silfurverðlaun, Karen Anna Sævarsdóttir fékk gull- og bronsverðlaun, Sveinbjörg Lilja Guðrúnardóttir hreppti silfurverðlaun, Halla Björk Ásgeirsdóttir vann bronsverðlaun og Inger Ósk Sandholt fékk gullverðlaun.



Gullverðlaun á byrjendamáttum í hóp-fimleikum

Fimleikadeild Aftureldingar kom, sá og sigraði á fyrsta byrjendamáttum vetrarins í hóp-fimleikum sem haldið var hjá Fylki um miðjan nóvember. Hópur P-1 hreppti gullverðlaun á mótinu og hópur M-10 hlutu þriðja sætið. Hvorki meira né minna en fimm keppnislið komu úr Mosfellsbænum, þar af fjögur stúlknaðið og eitt drengjalið. Um var að ræða fyrsta hóp-fimleikamót sem M-10 tók þátt í og voru stúlkurnar að vonum ánægðar með árangurinn.



Frá undirritun samnings. Frá vinstri: Ragnar, Þórdís, Guðmundur, Lárus og Guðrún ásamt syni sínum

KB banki styður uppbyggingu

Í síðastliðnum mánuði var undirritaður samstarfssamningur Handknattleiksdeildar Aftureldingar og KB banka. Með þessum samningi leggst KB banki í árar með handknattleiksdeildinni til að byggja deildina þannig upp að metnaðarfull markmið náist.

Stjórn Handknattleiksdeildar

ákvað það á fyrstu starfsdögum sínum að leggja upp með metnaðarfullt starf, sett voru markmið sem öll ná hámarki á 100 ára afmæli félagsins árið 2009.

Ætlunin er að fá þrjú fyrirtæki sem myndu vera aðalstyrktaraðilar deildarinnar. KB banki er fyrst þessara fyrirtækja og erum við sem störfum

að handboltahreyfingunni í Mosfellsbæ ákaflega stolt af því að fá þau til liðs við okkur.

Nokkur önnur fyrirtæki hafa gefið vilyrði fyrir samstarfi og vill stjórnin nota tækifærið og færa þeim þakki fyrir.

ÞÍN STÖÐ
Í ÞÍNU BÆJARFÉLAGI



VERUM Í TOPPFORMI UM JÓLIN

Íþróttamiðstöðinni að Varmá • Sími 566 7888

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is



Körfuboltamót haldið að Varmá



Körfuknattleiksdeild Aftureldingar hélt fjölíðamót í körfubolta þann 11. nóvember síðastliðinn. Þetta mót var það fyrsta sem deildin hefur staðið fyrir og var haldið að Varmá. Þátttakan á mótinu var góð og vel að

því staðið. Friðrik Garðar Sigurðsson þjálfar alla flokka Aftureldingar í körfuboltanum en deildin var endurvakin fyrir þremur árum og hefur iðkendum fjölgað jafnt og þétt. Myndina tók Ólafur H. Einarsson.

Namo styrkir knattspyrnudeildina



Pétur og Jóhann með efnilegu fótboltastrákunum okkar

Meistaraflokkur Aftureldingar í knattspyrnu gerði á dögum styrktarsamning við heildverslunina Namó. Samningurinn er til þriggja ára og var undirritaður í vallarhúsinu að Varmá. Við sama tilefni gerði barna- og unglíngar áð karla leikmannasamninga við fimm efnilega leikmenn í 2. flokki Aftureldingar. Heildverslunin Namó er bakhjarl þess samnings.

Sunddeildin fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Þann 26. nóvember s.l. hélt Sunddeild Aftureldingar upp á 20 ára afmæli deildarinnar í hátíðarsal Lágafellsskóla. Sama dag hlaut deildin gæðaviðurkenningu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands fyrir barna og unglíngastarf og hefur því rétt á að kalla sig fyrirmyndardeild ÍSÍ. Með þessum áfanga sýnir deildin að hún gerir kröfur til sjálftrar sín hvað varðar gæði og innihald þess starfs sem unnið er í deildinni. Margt var um manninn í veislunni og sáu krakkarnir í deildinni um skemmtiatriði á milli þess sem fólk gæddi sér á kræsingum. Meðfylgjandi mynd sýnir er Ólafur Rafnsson, Forseti ÍSÍ, afhendir Jóhannesi Baldurssyni, formanni Sunddeildar Aftureldingar, viðurkenningu Fyrirmyndafélags ÍSÍ.



Framtíðarstörf móttaka og afgreiðsla

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á ný pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 580-1263.

Umsóknnum skal skilað til: Íslandspóstur hf.
Stórhöfða 29, 110 Reykjavík, merkt „afgreiðslustarf“.
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu
Íslandspósts: www.postur.is

Opið

allan sólarhringinn



Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellbæ,
Reykjavíkurvegi Haf,
og í Bæjarlind Kóp.

LÖÐUBÍLL
- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540

Heyrst hefur...



...að Gummi á Drauma hafi komist í hann krappann eftir ryskingar og þurft að styðjast við hækju í nokkra daga á eftir.

...að Mosfellsbær ætli að kaupa hálkueyði af fótboltastrákonum. Þá þarf ekkert að tengja heita vatnið á nýja gervigrasvöllinn, bara láta krakkana strá á völlinn í upphafi æfingar.

...að Erla Víðis sé komin nokkra mánuði á leið og farin að láta verulega á sjá.

...að Óli Már komi fram á nýjasta DVD disk Bubba Morthens 06.06.06

...að opna eigi verslun í gamla Krónuhúsinu með lengri opnunartíma en gengur og gerist.

...að ný verslunarkjarninn gangi undir nafninu Mosinn.

...að aldrei þessu vant hafi verið léleg mæting á síðasta Sálballíð í Hlégarði.

...að enginn Mosfellingur sé með öruggt sæti á Alþingi fyrir næstu kosningar og sé það í fyrsta skipti í marga áratugi.

...að 13 réttir hafi komið upp í tipleik Aftureldingar en seðillinn hafi ekki verið sendur inn til Íslenskra getrauna.

...að bæjarstjóri Pizzabæjar og FastMos parið séu búin að tryggja sér bestu lóðirnar í Leirvogstungunni.

Sendið okkur slúður...
SMS í síma 694-6426

Ný verslun Krónunnar



Föstudaginn 10. nóvember opnaði verslun Krónunnar í hinum nýja verslunarkjarna, Mosanum. Það voru þau Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri og Jón Helgi Guðmundsson stjórnarformaður Kaupáss sem opnuðu verslunina og klipptu á gulan Krónuborða. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar var á staðnum og spilaði nokkur vel valin lög fyrir viðskiptavini. Á laugardeginum var síðan kerruhlaup til styrktar björgunarsveitar Kyndils. Í kerruhlaupinu tóku nokkrir vel þekktir Mosfellingar þátt og var keppninni lýst í beinni útsendingu á Bylgjunni. Keppendur þutu um alla búð og fylltu kerrurnar af vörum. Síðan var farið í gegnum allar kerrurnar og heildarupphæð þeirra var gefin Kyndli í styrk. Krónan gerði gott betur og tvöfaldaði upphæðina og því endaði styrkur Kyndilsmanna í tæpri milljón króna.



Í eldhúsinu

Binnu og Magga

Rauðsprettu í appelsínuostasósu

„Þetta var eitt það fyrsta sem Binna eldaði handa mér er við vorum að kynna og þessi réttur er hentugur við allar aðstæður. Hversdags með fjölskyldunni, rómantískur dinner eða gestir í heimsókn. Fljótlegur og mjög góður réttur sem þarf lítið að hafa fyrir, skella öllu í eldfast mót og láta ofninn sjá um restina. Leggja á borðið, daðra við konuna eða sinna gestunum, allt hægt meðan rauðsprettan bakast.“

700 gr. rauðsprettuflök
1 rauðlaukur
1 box sveppir
300 gr. hreinn rjómaostur
¼ líter hreinn appelsínusafi (trópi)
2 egg
salt og pipar
Hrisgrjón eða kartöflur

„Þegar rétturinn var fyrst búinn til var enn framleiddur rjómaostur með appelsínukrökant, en núna er sósan búin til með því að bræða saman hreinan rjómaost og appelsínusafa. Tilvalið er að nota appelsínupykkni, en reynið ekki að nota Svála, er búin að prófa það. Mikilvægt að nota glæny og fersk rauðsprettuflök. Flökin eru skorin í bita (með roðinu) og velt upp úr

eggjahæru með salti og pipar. Léttsteikt á pönnu og sett í smurt eldfast mót. Sveppir og rauðlaukur skorin niður, aðeins skellt á pönnuna og sett yfir fiskinn. Osturinn og appelsínusafinn bræddir saman í potti og hellt yfir réttinn. Sett í ofn við ca. 180° í ca. 15-20 mínútur. Borið fram með hrisgrjónum eða kartöflum. Fyrir fjölskylduna mælum við með kaldri mjólk með þessum rétti, en ef rómantíkin er við völd er tilvalið að opna flösku af Tokay Pinot Gris hvítvíni frá

Alsace.“



Píparkökúhúsin okkar eru komin





Félagarnir Alex og Kjartan í sínu finasta þússi



Eva, Ásthildur og Gugga voru eldhressar í Hlégarði



Herra og ungrú Lágó og Varmá, Kristó, Hanna Lilja, Þórunn og H-Ari.

90% nemenda í 8.-10. bekk mættu á fjölmenna árshátíð félagsmiðstöðvarinnar í Hlégarði

ÁRSHÁTÍÐ BÓLSINS



Hrefna og Svanhildur með fallegustu augun



Herramennirnir Hjörtur og Hördur



270 crewið stílti sér upp með nýju sylgjurnar sínar



Skímó hélt uppi góðu stuði



María og Hanna Lilja með fallegasta bros



Rakel og Alexandra



Birta og Auður verðlaunaðar fyrir flottustu bakhlutana



Atli og Saga sæt saman



Gísli og Stefania og Stefán Óli flippari



Straight Edge strákarnir, Hemmi, Hördur og Hjörtur



Sóldís og Sigrún í hátíðarskapi



Pétur, Hinrik og Haukur í stuði



Lovisa og Gummi



Mætingin var góð og gleðin skein úr andlitum



Frikki, Kristín og Svandís í góðum gir.



Bóldýrin Íris bara og Óli á Hrisbrú



Heiðís og Elisa skemmtu sér konunglega með Skímó.



Gagga og Aníta skörtuðu sínu fegursta

Árshátíð Bólsins var haldin í Hlégarði með pompi og prakt fimmtudaginn 16. nóvember. Húsið var troðfullt og aldrei hefur verið jafn fjölmennt á árshátíðinni, sem að sýnir okkur

starfsmönnum að vinnan sem að við höfum lagt til, hefur skilað sér. Hljómsveitin Skítamóráll lék fyrir dansi, einnig

voru dagskrárlíðir eins og hinar sígildu kosningar, árshátíðar annáll (þar sem stíklað er á því hvað hefur borið hæst í félagsstarfinu hjá okkur, bæði leikin atriði og alvöru myndefni) og skemmtiatriði frá starfsmönnum.

Viðtökurnar við tveimur síðastnefndu liðunum voru frábærar. Við erum afar ánægð með kvöldið sem að heppnæðist með eindæmum vel þar sem unglingarnir okkar voru til fyrirmyndar. Við vonum að þið verðið jafn dugleg að mæta á alla okkar viðburði í framtíðinni.
Starfsmenn Bólsins

SPURNING TIL BÆJARBUA

Bónus eða Krónan?



DÓRA Bónus



EINAR Krónan



HAFSTEINN Ég fór alltaf í Krónuna á kvöldin en nú er alltaf lokað



KOLBRÚN Krónan



KRISTÍN Bónus og Krónan



ÞORGEIR Krónan



Dottnir í snakkið



Jóni og Péei hressir



Þrjónað af list



Hláturinn lengir lífið



Sungið af innlifun



Anna og Sunna



Þessar kunna sko að pósa



Maggi og Mosskeggur



Alltaf stuð í Mosó!!!

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Prinsinn og (aldurs)forsetinn



Eiturhressir Biggi og Ívar



Formaðurinn og Erik Hawk



Skvísurnar Guðný og Anna



Kiddi og J. Sig glaðir í bragði



Kanínufaraldur



Flottar á djamminu



Hressar í Hlégarði



United!!!



Svangur



Stebbi blaðrari



Helena og Jóna



Sunni



Nú verður flöskunni refsað



Steini eini



Tveir Maggar (gamall brandari)



Góðir í Garðinum



Nýjasta parið???




LeikMos gleði


**STÁLU
SENUNNI**



**BOB GILLAN
& ZTRANDVERÐIRNIR
HITUÐU UPP FYRIR SÁLINA**



DANNI JÓNS



FREDDIE PRINCE JR

Hljómur á Draumakaffi

TAKIÐ FRÁ 9. DESEMBER

Dúettinn
HLJÓMUR

..og allir komast í jólashapið!!

**ALLT FLJÓTANDI
Í JÓLABJÓR**



**Veturinn er kominn!!!
Það er allt tilbúið hjá okkur**



Bæjardekk
Langalanga 1a, 270 Mosfellsbær
566 8188
mán.- fös. 8-18:30 laugardaga. 9-15

SMÁAUGLÝSINGAR

Íbúð til leigu

Þann 1. janúar 2007 er laus 74 fm þriggja herbergja kjallaraíbúð í Brekkutanga í Mosfellsbæ.

Við leitum eftir reglusömu fólki, reyklusu og án gæludýra.

Áhugasamir hafi samband við Þórönnu í síma: 664-8446.

Gelneglur í Mosó!!!

Er í naglaskóla Professionails og ef ykkur langar í fallegar neglur fyrir jólin gegn vægu gjaldi þá endilega hafið samband við mig í síma 869-8051 eða sendið email á gunnabs@isl.is. Er í Tröllateigi 24.

Guðrún Sveins.

Síminn minn er týndur!

Sony Ericson sími glataðist við Arnartangann laugardagskvöldið 25. nóv. Finnandi vinsamlegast hafi samband í s. 477-1010.

Með fyrirfram þökk, Kristín

Vantar vinnustofu á leigu

Fatahönnuður óskar eftir vinnustofu á leigu í Mosfellsbæ.

Verkstaði með fleirum kemur til greina. Skoða allt.

Upplýsingar gefur Heiða í síma: 616-1422

Ipod í óskilum

Patrik fann Ipod í síðustu viku á leiðinni heim úr skólanum. Hann vill endilega reyna að koma honum í hendurnar á eiganandanum. Ef einhver hefur týnt slíkum gæðagrip og grunar að hann eigi þennan, endilega hringið í s: 695-2642

MOSFELLINGUR

Kemur næst út 22. desember

Ásgarður handverkstaði

Jólamarkaður Ásgarðs

Jólamarkaður Ásgarðs verður haldinn laugardaginn 2. desember í húsnæði okkar að Álafossvegi 22-24 og stendur hann frá kl.12-17. Góðir gestir koma og skemmta okkur. Ekki missa af þessu, síðast seldist allt upp. Okkar frábæra kaffihlaðborð verður á sínum stað.

Sjáumst 2. desember.

Starfsfólk Ásgarðs



Jólamarkaður 2. des. 06
Álafossvegur 24
270 Mosfellsbær
kl. 12-17





Bestu pizzurnar í bænum

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR



Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424

Fyrsti leikurinn á þessari öld



Meistaraflokkur kvenna hefur nú verið endurvakinn og spilaði hann sinn fyrsta leik í nær 10 ár nú á dögunum. Skemmst er frá því að segja að stelpurnar gerðu sér lítið fyrir og unnu leikinn með stæl. Gareth O'Sullivan, nýráðinn þjálfari stelpnanna, er lengst til vinstri á myndinni og er greinilegt að hann ætlað sér stóra hluti. Þeir Haraldur Sverrisson formaður bæjarráðs og Hallur Birgisson formaður meistaraflokksráðs heilsuðu upp á stelpurnar áður en þessi sögufrægi leikur hófst.

Ljósmynd: Hilmar



Háholt

Glæsileg 47 fm. stúdíóbúð í hjarta Mosfellsbæjar með vönduðum eikar innréttingum og gólfefnum. Badherbergi flísalagt í hólf og gólf. Badkar og sturtuklefi. **13,5m.**



Sími:
588 55 30

Opíð virka daga frá kl. 9-18

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Lindarbyggð

Mjög glæsilegt parhús við Lindarbyggð. 182 fm. á einni hæð. Vandaðar innréttingar. Mikil lofthæð. Stór og björt stofa. Hellulagt bílplan og gangstígar. Flottur frágangur. Eignin stendur í lokaðri götu í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. **V. 42 m.**



Hjarðarland

Nýtt í sölu. Mjög vandað 304 fm. einbýli með auka íbúð á neðri hæð. 4 góð svefnherbergi. 2 badherbergi. Tvíbreiður bílskúr. Fallegur garður í góðri rækt. Topp eign á flottum stað í Mosó.



Dalatangi

Nýtt í sölu. Mjög vandað og vel skipulagt 190 fm. einbýli við gróna og glæsilega götu í Mosfellsbæ. 5 svefnherbergi, 2 snyrtingar og sólstofa. Mjög veglegur garður með sólpalli og skjólveggjum af bestu gerð. Lækur og tjörn í garði og brú yfir. Fallegur gróður. Tré og runnar. Hellulagt bílplan. Góður bílskúr. **V. 45 m.**



Háholt

Mjög glæsileg 107 fm. íbúð með sér inngangi við Háholt. Afar vönduð gólfefni og flottar innréttingar. Frábær hönnun. 3 svefnherbergi. Eign á mjög eftirsóttum stað.



Völuteigur

Gott 576 fm atv.húsnæði auk samþykki fyrir 284 fm milli lofta. Mikil lofthæð og ca 4 m innkeyrsluhurð. Stórt malbikað plan. Til og frá húsinu eru greiðar leiðir og húsnæðið því kjörlið fyrir hverkonar lagerhald. **V. 79 m.**



Eyrarskógur

Vorum að fá í sölu tvo 61,9 fm bústaði á 4200 og 6000 fm leigulöðum til 25 ára. Um ræðir tvö bjálkaklædd sumarhús við Eyrarskóg við Eyrarvatn. Bústaðir afh. fullbúnir að utan en fokheldir að innan. V.10,5 og 10,9 m. ATH. Ýmis skipti.

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is